

Mál nr. 299/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Ekið aftur á bak.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 19. september 2025, ásamt fylgiskjölum
3. Athugasemdir V1, dags. 6. október 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 19. mars 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A sem er í eigu M, og B, á gatnamótum Þjóðveg 1 og Melasveitarveg nr. 505. A var vátryggt hjá V1 og B hjá V2. Aðilar fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Þar er m.a. að finna teikningu af staðsetningu A og B við áreksturinn. Af þeirri teikningu virðist mega ráða að B, sem kom keyrandi eftir Melasveitarvegi í átt að þjóðveginum, hefði verið komin fram hjá biðskyldumerki er áreksturinn varð en þó ekki út á þjóðveginn. Þá virðist einnig mega ráða af teikningunni að ökumaður A, sem hugðist beygja til vinstri af þjóðveginum inn á Melasveitarveg, hafi tekið þrönga vinstri beygju. Þá liggur einnig fyrir vitnisburður aðila sem kom að vettvangi. Hann lýsir aðstæðum þannig að miðað við staðsetningu A og B hafi hann talið að B hafi verið komin fram fyrir biðskylduna þegar A lenti á henni. Segist vitnið hafa sjálfur komið keyrandi á vörubifreið og verið á leið inn í Melasveit. Hafi hann komist fram hjá A og B sem hefði vart verið hægt ef B hefði ekki verið komin fram fyrir biðskyldumerkið. Hinn 31. mars 2025 skilaði M einnig tjónstilkynningu til V1 þar sem hann lýsir því að áreksturinn hafi orðið þegar A sem hafi komið keyrandi eftir þjóðvegi 1 var að beygja inn á Melasveitarveg. Á því augnabliki sem árekstur varð milli A og B hafi B verið komin fram fyrir biðskyldumerki sem var við innkeyrsluna á þjóðveg 1. Tekur M fram að A hafi verið hálf inn á þjóðveginum þegar áreksturinn varð.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir Tjónanefnd vátryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu að skipta beri sök með þeim hætti að ökumaður A skuli bera 2/3 hluta sakar fyrir of þrönga vinstri beygju og ökumaður B 1/3 fyrir að veita ekki umferð af þjóðvegi 1 forgang samanber biðskyldu. M fellir sig ekki við þau málalok og í málskoti kemur fram að hann telji réttast að B beri alla sök á árekstrinum og ef ekki sé fallist á það verði sök skipt jafnt milli ökumanna A og B. Byggir hann framangreint á því að ökumaður B hafi ekki virt biðskyldu og því ekki veitt umferð um þjóðveg 1 þann forgagn sem honum bar. Telur M að ökumaður B hefði ekki átt að aka fram fyrir biðskyldumerkið. Þá tekur M fram að A hafi ennþá verið inn á þjóðvegi 1 þegar B hafi keyrt á A.

Í athugasemdum V2, dags. 19. september 2025, eru færð fyrir því rök að rétt sé að skipta sök milli ökumanna með sama hætti og tjónanefndin gerði. Í því sambandi bendir V2 á að af teikningu á sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna megi sjá að ökumaður A hafi tekið þrönga vinstri beygju inn á akrein þá sem B var ekið eftir. Hann hafi því brotið gegn 2. mgr. 19. gr umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem kveðið er á um að við vinstri beygju skuli aka sem næst miðlínu akbrautar og að beygjuna skuli taka þannig að þegar ökutækið kemur úr af vegamótum sé það hægra megin á akbrautinni sem beygt er inn á. Þá bendir V2 einnig á að samkvæmt teikningunni séu allar líkur á að B hafi verið komin fram hjá biðskyldumerkinu er áreksturinn var en þó ekki komin út á þjóðveginn. Ökumaður B hafi því brotið gegn 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga þar sem fram komi að þegar ekið er inn á veg skuli ökumaður veita umferð ökutækja á þeim vegi forgang ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu. Máli sínu til frekari stuðnings vísar V2 í úrskurði nefndarinnar í málum nr. 223/2018, 91/2018, 341/2014, 316/2013, 248/2013 og 93/2010.

Í athugasemdum V1, dags. 6. október 2025, eru færð fyrir því rök að ökumaður B sem hafi ekki virt biðskyldu beri meirihluta sakar á árekstrinum

Álit.

Málið lýtur að því hvort og þá hvernig skuli skipta sök á árekstri milli ökumanna bifreiðanna A og B sem átti sér stað 19. mars 2025. Í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatryggingar segir að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum. Við mat á sök ökumanna er litið til háttæknisreglna umferðarlaga nr. 77/2019. Af fyrirbyggjandi gögnum telur nefndin að leggja beri til grundvallar að ökumaður A hafi tekið of þrönga vinstri beygju í aðdraganda árekstursins og ökumaður B hafi verið kominn fram fyrir biðskyldumerkið er áreksturinn varð. Það liggur því fyrir að mati nefndarinnar að ökumaður A braut gegn 2. mgr. 19. gr umferðarlaga nr. 77/2019 og ökumaður B braut gegn 2. mgr. 26. gr. sömu laga. Er það mat nefndarinnar með vísan til þessara brota og þess sem að framan greinir um tildrög árekstursins og staðsetningu ökutækja, að rétt sé að skipta sök með þeim hætti að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 16. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir